

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bændasamtök Íslands gera með sér svohljóðandi:

Rammasamning

um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparéktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026:

1. gr.

Inngangur og markmið

- 1.1 Meginmarkmið samnings þessa er að efla íslenskan landbúnað og skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri. Samningnum er ætlað að skapa landbúnaðinum ramma til að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Sú uppbygging þarf að fara fram á grundvelli sérstöðu, sjálfbærni og fjölbreytni. Í því skyni eru í samningnum ný verkefni sem ætlað er að treysta stoðir landbúnaðarins og ýta undir framþróun og nýsköpun.
- 1.2 Markmið:
- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu búvara ásamt stuðningi ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og fjölbreyttu framboði gæðaaafurða á sanngjörnu verði.
 - Að tryggja að bændum standi til boða leiðbeiningaþjónusta og skýrsluhaldshugbúnaður til að styðja við framgang markmiða samningsins.
 - Að við búvöruframleiðsluna sé gætt sjónarmiða um velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu.
 - Að auka vægi lífrænnar framleiðslu.
 - Að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu bænda.
 - Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.

2. gr.

Skilyrði greiðslna og greiðslutilhögun

- 2.1 Þeir framleiðendur einir fá greiðslur samkvæmt samningi þessum sem stunda landbúnað á lögbýli/garðyrkjubýli, eru með virðisaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
- 2.2 Hjón og sambýlisfólk sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir að greiðslum samkvæmt samningnum sé skipt jafnt á milli aðila.
- 2.3 Fjárhæðir til einstakra verkefna á samningstímanum eru tilgreindar í töflu í viðauka I.

3. gr.

Leiðbeiningaþjónusta

- 3.1 Bændasamtök Íslands ráðstafa fjármunum sem ætlaðir eru til leiðbeiningaþjónustu samkvæmt samningi þessum. Samtökin hafa heimild til að ráðstafa þeim til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf (RML). Jafnframt er samtökunum heimilt að ráðstafa fjármunum til að mæta kostnaði við úttektir samkvæmt grein 5.
- 3.2 Megináherslur á einstökum sviðum eru eftirfarandi:
- **Jarðrækt:** Efling ræktunarmenningar, hagkvæm fóðuröflun með lágmarks röskun umhverfis. Viðhald ræktunar, endurræktun - gras, grænófóður og korns. Markviss áburðarnotkun með tilliti til hagkvæmni og umhverfissjónarmiða, þar með talin hámarksnýtingu búfjáraburðar. Styrking innlendrar fóðurframleiðslu.
 - **Garðyrkja - ylrækt:** Gæðastýring með tilliti til hagkvæmni og lágmarks notkunar hjálparefna. Þróun raflýsingar, átak í framleiðniaukningu, lenging uppskerutíma og aukin fjölbreytni í ræktun.
 - **Búfjárrækt:** Aukin afurðasemi, fjölbreyttari og betri afurðir, hraustir og endingargóðir gripir og hagkvæmari framleiðsla. Áframhaldandi þróun og nýting bestu kynbótaaðferða, stöðugt endurmat á ræktunarmarkmiðum með tilliti til óska neytenda og aukin þátttaka bænda í kynbótastarfi.
 - **Rekstrar- og fjármálaráðgjöf:** Áhersla er lögð á samvinnu og tengingu við aðgerðaáætlanir í búrekstri, s.s. fóður- og áburðaráætlanir. Ennfremur mat á hagkvæmni og arðsemi fjárfestinga í búrekstri.
 - **Lífrænn búskapur:** Kannaðar verði markaðslegar forsendur fyrir lífrænar afurðir og hve vel tilteknar jarðir og framleiðsla hentar til aðlögunar að lífrænum búskap.
 - **Sjálfbær þróun og landnýting:** Stuðlað verði að sjálfbærni í landnotum með markvissari beitarstjórn og fræðslu, m.a. um mikilvægi ræktarlands og líffræðilegrar fjölbreytni.
 - **Byggingar og nútækni:** Sérstök áhersla er lögð á ráðgjöf tengda bústjórn með hliðsjón af breyttum búskaparháttum, breyttri tækni og nýjum reglugerðum um velferð dýra.

- 3.2 Bændasamtök Íslands skulu greiða kostnað vegna hækkunar á lífeyri fyrrverandi starfsmanna við leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði af þeim fjármunum sem ætlaðir eru til leiðbeiningaþjónustu samkvæmt grein 3.1.

4. gr.

Kynbótaverkefni

- 4.1 Bændasamtök Íslands ráðstafa fjármunum sem ætlaðir eru til kynbótaverkefna samkvæmt samningi þessum. Þar skal einkum litið til verkefna eins og kynbótaskýrsluhalds og ræktunar- og einangrunarstöðva. Til viðbótar skal líta til verkefna á sviði plöntukynbóta einkum stofnútsæðisræktunar kartaflna og úrvalsathuguna garðplantna.

5. gr.

Jarðræktarstyrkir og landgreiðslur

- 5.1 Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til jarðræktar samkvæmt samningi þessum. Framlögum mun á samningstímanum verða varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta og útiræktunar á grænmeti. Heimilt er að greiða stuðning vegna ágangs álfta og gæsa á ræktarlöndum bænda.
- 5.2 Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til landgreiðslna samkvæmt samningi þessum. Landgreiðslur skulu greiddar út á allt ræktað land sem er uppskorið til fóðuröflunar. Ekki er greitt út á land sem eingöngu er nýtt til beitara. Skilyrði fyrir greiðslum er að til sé viðurkennt túnkort fyrir spildur sem sótt er um framlög fyrir og spildurnar séu uppskornar á því ári þegar framlag er greitt enda liggi fyrir uppskeruskráning.
- 5.3 Framleiðandi getur ekki fengið framlög samkvæmt grein 5.1 og 5.2 fyrir sömu spildur á sama ári. Gangi fjármunir ekki út samkvæmt grein 5.1 eða 5.2 er heimilt að færa eftirstöðvar á milli liðanna.

6. gr.

Nýliðun

- 6.1 Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til nýliðunar samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ætliðaskipti í landbúnaði.

7. gr.

Lífræn framleiðsla

- 7.1 Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lífræn búvöruframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð slíkra vara á markaði. Fjármunirnir eru ætlaðir til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum.

8. gr.

Mat á gróðurauðlindum

- 8.1 Samningsaðilar eru sammála um að standa fyrir verkefni um mat á gróðurauðlindum á samningstímanum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar faghóp sem falin verður umsjón með verkefninu. Hlutverk hans verður meðal annars að draga saman rannsóknir sem fyrir liggja um efnið og beita sér fyrir frekari rannsóknum. Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu þeirra fjármuna sem varið verður til verkefnisins.

9. gr.

Geitfjárrækt

- 9.1 Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til geitfjárræktar samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að auka framboð geitfjárafurða og styðja við verndun og ræktun íslensku geitarinnar.

10. gr.

Fjárfestingastyrkir í svínarækt

- 10.1 Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til fjárfestingastyrkja í svínarækt samkvæmt samningi þessum. Markmið þeirra er að auðvelda sérstaklega smærri svínabúum að hraða því að standast nýjar kröfur um aðbúnað svína.

11. gr.

Próunarfjármunir búgreina

- 11.1 Framleiðnisjóður landbúnaðarins ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til próunarverkefna í garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt, samkvæmt samningi þessum, að fenginni umsögn fagráða í viðkomandi greinum. Markmið þeirra er að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í framangreindum greinum. Skipting framlaga milli búgreina skal vera með þeim hætti að 38% renni til garðyrkju, 14% til nautgriparæktar og 48% til sauðfjárræktar.
- 11.2 Samningsaðilar eru sammála um að fram að endurskoðun árið 2019 verði í samráði við Framleiðnisjóð landbúnaðarins afmarkaðir fjármunir til próunarstarfs í öðrum búgreinum en kveðið er á um í grein 11.1.

12. gr.

Skógarafurðir

- 12.1 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ráðstafar framlögum, sem ætluð eru til átaksverkefna skógarbænda, til Landssamtaka skógareigenda. Markmið framlaganna er að auka virði skógarnytja, efla áframvinnslu hráefnis, vöruþróun og vöruframboð og stuðla þannig að aukinni arðsemi skógræktar. Landssamtök skógareigenda skulu skila árlegri skýrslu til ráðuneytisins um ráðstöfun fjármunanna.

13. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

- 13.1 Á samningstímanum verða greidd árleg framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem sjóðurinn úthlutar til stuðnings atvinnuuppbyggingu í sveitum samkvæmt lögum nr. 89/1966 um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
- 13.2 Samningsaðilar munu beita sér fyrir endurskoðun gildandi laga um sjóðinn. Samhliða verði mótaðar áherslur verkefna sjóðsins á samningstímanum. Stefnt skal að því að endurskoðuð lög taki gildi á árinu 2017.

14. gr.

Erfðanefnd landbúnaðarins

- 14.1 Samningsaðilar eru sammála um að erfðanefnd landbúnaðarins skuli tryggð árleg afmörkuð framlög á samningstímanum vegna verkefna nefndarinnar eins og þau eru skilgreind í búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum. Þá skal nefndin einnig sinna verkefnum sem sérstaklega varða verndun búfjárstofna.

15. gr.

Gjaldtaka vegna veittrar þjónustu til notenda

- 15.1 Bændasamtök Íslands og aðrir aðilar sem fara með verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, geta tekið gjald fyrir þá þjónustu sem þau veita á grundvelli þessa samnings, sbr. heimild til slíkrar gjaldtöku í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir.

16. gr.

Ábyrgð og málsmeðferð

- 16.1 Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna samningsins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru tilgreindar í samningi þessum.
- 16.2 Bændasamtök Íslands bera ábyrgð á framkvæmd þeirra þátta samningsins sem þeim er falið að annast.
- 16.3 Bændasamtökum Íslands er heimilt að fela aðildarfélögum sínum og/eða félagi sem er í eigu samtakanna og starfar á ábyrgð þeirra verkefni samkvæmt samningi þessum enda samræmist það 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

17. gr.

Eftirlit með samningi

- 17.1 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 17.2 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem Bændasamtök Íslands skrá vegna framkvæmdar samningsins. Bændasamtökum Íslands ber að skrá hverjir eru viðtakendur framlaga sem þau ráðstafa á grundvelli samningsins, fjárhæð framlaga, verkefni sem framlög renna til og dagsetningu greiðslna. Bændasamtök Íslands skulu skrá sérstaklega formlegar kvartanir sem berast vegna framkvæmdar samningsins og enn fremur hvaða meðferð kvartanir fá hjá samtökunum.
- 17.3 Bændasamtök Íslands skila árlega yfirliti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um heildarfjárhæðir greiddra framlaga og skulu fjárhæðir vera sundurgreindar á milli verkefna eða viðfangsefna sem framlags geta notið.
- 17.4 Bændasamtök Íslands halda fjárreiðum sem samningur þessi nær til aðgreindum í ársreikningi frá annarri starfsemi sinni.

18. gr.

Tilfærslur

- 18.1 Heimilt er samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga að færa upphæðir milli einstakra liða samningsins, allt að 20% árlega af hverjum lið.

19. gr.

Verðlagsuppfærsla

- 19.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysliverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

20. gr.

Endurskoðun samnings.

- 20.1 Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Við endurskoðanir verður fyrst og fremst horft til þess hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir og það metið í samhengi við samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjarræktar. Við síðari endurskoðun geta aðilar ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

21. gr.

Fyrirvarar

- 21.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

22. gr.

Gildistími og framkvæmd

- 22.1. Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.
- 22.2 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur reglugerð um fyrirkomulag styrkveitinga samkvæmt grein 5, 6, 7, 8, 9 og 10, þar sem kveðið skal á um umsóknarfresti, viðmiðanir við styrkveitingar, skilyrði fyrir greiðslum framlaga, upphæðir framlaga og skerðingarákvæði. Jafnframt skal kveðið á um skráningu lands og spildna, úttektir og stærðarmörk vegna framlaga samkvæmt grein 5. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur einnig reglugerð um umsóknarfresti, greiðslutilhögun, skilyrði fyrir greiðslum, skýrsluskil og birtingu niðurstaðna vegna styrkveitinga Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samkvæmt grein 11.2.
- 22.3. Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar búvörusamninga. Framkvæmdanefndin skal á samningstímanum afla upplýsinga um þróun framleiðslu og sölu á landbúnaðarafurðum, afurðaverð, inn- og útflutning landbúnaðarafurða, afkomuþróun í landbúnaði auk annarra upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd samnings þessa, sem og framkvæmd samninga um starfsskilyrði nautgriparæktar, sauðfjarræktar og garðyrkju. Nefndin skal á grundvelli framangreindra upplýsinga taka ákvarðanir um tilfærslur milli liða í samningi þessum og með sambærilegum hætti í samningum um starfsskilyrði nautgriparæktar, sauðfjarræktar og garðyrkju.
- 22.5 Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal

til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

- 22.6. Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis.
- 22.7. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.

Bókun um byggðamál

Samningsaðilar eru sammála um að ráðast í starf sem miðar að því að treysta innviði og búsetu í sveitum. Í því felist meðal annars að finna skilgreindar leiðir sem stuðla að aukinni sjálfbærni sveitanna, eflingu framleiðslu og úrvinnslu matvæla ekki síst svo að meiri virðisauki verði í byggðunum. Sérstaklega verði skoðuð uppbygging innviða, svo sem samgangna, fjarskipta og raforku. Einnig möguleika sveitanna og framlag þeirra til þátttöku í aðgerðum vegna loftslagsmála. Þá verði litið til úrræða til að treysta fjárhag bænda og greiða enn frekar fyrir ætliðaskiptum á bújörðum.

Til þess að koma þessu í framkvæmd mun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipa samstarfsvettvang samningsaðila vorið 2016 sem hafi það að markmiði að gera tillögur um aðgerðir sem stuðla að ofangreindum markmiðum.

Reykjavík, 19. febrúar 2016

F.h. ríkisstjórnar Íslands

F.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Viðauki I

Tafla – Fjárhæðir í m.kr.

Rammi	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Leiðbeiningaþjónusta - 3. grein	519	503	486	467	450	432	414	396	378	359
Kynbótaverkefni - 4. grein	60	59	59	58	58	58	57	57	56	56
Jarðræktarstyrkir - 5. grein	369	366	365	361	359	356	353	350	347	344
Framleiðnisjóður landbúnaðarins - 13. grein	128	128	128	128	128	128	128	128	128	128
Þróunarfjármunir búgreina - 11. grein	92	91	91	90	90	89	88	87	86	86
Lífræn framleiðsla - 7. grein	35	34	34	34	34	33	33	33	33	32
Skógarafurðir - 12. grein	15	15	15	15	14	14	14	14	14	14
Fjárfestingastyrkir í svínarækt - 10. grein	99	98	98	97	48	0	0	0	0	0
Landgreiðslur - 5. grein	247	246	245	342	341	339	337	335	333	331
Mat á gróðurauðlindum - 8. grein	30	30	29	29	29	29	28	28	28	28
Nýliðun - 6. grein	128	127	126	125	124	123	122	121	120	119
Geitfjárrækt - 9. grein	15	15	15	15	14	14	14	14	14	14
Erfðanefnd landbúnaðarins - 14. grein	7	7	7	7	7	7	7	7	7	6
Samtals rammamningur	1.743	1.719	1.699	1.766	1.697	1.622	1.595	1.569	1.542	1.516